



46. fundur

46. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja haldinn þriðjudaginn 14. maí 2024, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar K. Ottósson, Einar Jón Pálsson, Jón B Einarsson, Lilja Sigmarsdóttir, Davíð Viðarsson, Þóra Kristín Klemenzdóttir, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestur fundarins er Anna Sóley Þorsteinsdóttir frá Kanon og Stefán Gunnar Thors frá VSÓ.

Forföll boðuðu þeir: Guðmundur Björnsson, Andri Rúnar Sigurðarson, Björn Edvardsson, Fannar Jónasson, Gunnar Axel Axelsson, Atli Geir Júlíusson

Eysteinn Eyjólfsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja.
 - Auðlindir/loftlagsmál/umhverfismat

Ráðgjafar fóru yfir uppfærð atvinnusvæði. Ekki er komin skýr lagarammi fyrir aðra náttúruvá en ofanflóð. Skipulagsstofnun mun líklega biðja um ítarlegan rökstuðning fyrir uppbyggingu á svæðum þar sem er möguleg náttúruvá gæti komið til. Meiri kröfur eru þó gerðar á íbúðarbyggð frekar en atvinnusvæði. Hættumat er í vinnslu fyrir svæðið.

Farið var yfir kort er snúa að vatnsverndarsvæðum, náttúruverndarsvæðum, orkuvinnslu/virkjunarkostum. Mörg orkufrek verkefni eru í undirbúningi en ljóst er að orkan er takmörkuð auðlind. Nefndin ræddi um það hvort sveitarfélögin á Suðurnesjum þurfi að móta sér stefnu um hvers konar verkefni á að forgangsraða inn á svæðið með tilliti til orkuauðlinda. Spáð er verulegri aukningu á heitavatnspörf inn á svæðið en HS Orka er að skoða lághitasvæði á Reykjaneskaganum.

Nefndin ræddi að lokum loftlagsmál svæðisins.

Drög að greinargerð vinnslutillögu nýs svæðisskipulags verða lögð fyrir næsta fund nefndarinnar þann 13. júní.

2. Önnur mál.

Ekki fleiri mál færð til bókar og fundi slitið kl. 17:20.